

Nd.

138. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík.

Flm.: Héðinn Valdimarsson, Magnús Jónsson, Einar Arnórsson.

Upphaf 1. gr. laga nr. 32, 7. maí 1928, um sundhöll í Reykjavík, orðist svo:

Ríkissjóður leggur fram helming kostnaðar við byggingu sundhallar í Reykjavík, sem nú er í smíðum, allt að 250 þúsund krónum.

Greinargerð.

Frumvarp þetta var borið fram á síðasta þingi, en varð ekki endanlega afgreitt vegna þingrofsins. Fylgdi því þá svo hljóðandi greinargerð:

„Þegar lög in um sundhöll í Reykjavík voru sett árið 1928, lá fyrir Alþingi áætlun húsameistara ríkisins um, að kostnaðurinn við byggingu sundhallarinnar mundi verða um 200 þúsund kr., og ætlaðist Alþingi til, að helmingur kostnaðarins yrði greiddur úr ríkissjóði, enda var það í samræmi við ákvæði þau, sem sett voru í fjárlög á sama þingi og síðan hafa verið í fjárlögum, um að ríkissjóður greiði helming kostnaðar við að gera nýjar steinsteypur sundlaugar og sundskýli.

Þegar húsameistari ríkisins fór síðan að gera endanlegan uppdrátt af væntanlegri sundhöll, varð niðurstaðan sú, að ekki var mögulegt að byggja hana fyrir 200 þúsund krónur, eða neitt nálægt því, ef fullnægja ætti þeim kröfum, sem ríkisstjórnin gerði til hennar.

Eftir margvislegar samningaumleitanir við ríkisstjórnina og tilraunir húsameistara til að draga sem mest úr kostnaði, fekkst loks samþykki ráðherrans á uppdrætti af sundhöll, sem bæjarstjórnin samþykkti, og er áætlað kostnaðarverð hennar 480—500 þúsund krónur, og mun sú áætlun vera frekar lág, að því er borgarstjóri telur.

Bæjarstjórn Reykjavíkur hefir þegar látið byrja á byggingu sundhallarinnar í því trausti, að Alþingi fallist á að greiða úr ríkissjóði helming kostnaðarins, eins og upphaflega var ráð fyrir gert, og er þetta lagafrumvarp borið fram eftir ósk bæjarstjórnarinnar, sem væntir þess, að Reykjavíkurborg fái í þessu efni að njóta jafnréttis við önnur sveitarfélög, eða jafnvel einstaklinga, sem koma upp sundlaugum og sundskýlum“.